

Sp.

177. Fyrirspurnir.

[136. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um grænifóðurverksmiðjur.

Frá Pálma Jónssyni.

- a. Hyggst ríkisstjórnin standa við eða hraða framkvæmd áætlunar um nýjar grænifóðurverksmiðjur, sem staðfest var með bréfi landbúnaðarráðherra 2. júní 1972?
- b. Hvaða áætlanir liggja fyrir um fjármagn til þessara framkvæmda á næstu árum og heildarfjárförf á áætlunartímabilinu?
- c. Hvert var kaupverð grænifóðurverksmiðjunnar í Saurbæ í Dölum, hvaða skuldbindingar fylgdu kaupunum, og hve mikið fé skorti til framkvæmda, er kaupin voru gerð, til þess að verksmiðjan gæti náð fullum afköstum?

II. Til ráðherra bankamála um vexti og þóknun, sem leyfilegt er, að lánastofnanir taki.

Frá Birni Pálssyni.

1. Var vaxtahækkun sú, sem ákveðin var s. l. vor, gerð með samþykki ráðherra bankamála og ríkisstjórnarinnar?
2. Álitur bankamálaráðherra, að Seðlabanki Íslands geti ákveðið hækkun og lækkun vaxta án samþykkis ríkisstjórnarinnar?
3. Hvað voru vextir hækkaðir mikið s. l. vor, og hvað eru vextir nú:
 - a) í Stofnlánadeild landbúnaðarins,
 - b) í Fiskveiðasjóði,
 - c) í Iðnlánasjóði,
 - d) af viðskiptavíxlum,
 - e) af afurðavíxlum landbúnaðarins,
 - f) af afurðavíxlum sjávarútvegsins,
 - g) af afurðavíxlum iðnaðar,
 - h) af lánum úr lífeyrissjóðum?
4. Er viðskiptabönkum heimilt að taka þóknun, auk vaxta og stimpilgjalds, er þeir kaupa víxla? Sé svo, í hvaða tilfellum er slíkt heimilt og hve mikil má slík þóknun vera?

III. Til viðskiptaráðherra um innflutning á olíu og olíuverð.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin kannað, hvort þeir aðilar, sem stjórnvöld hafa gert samninga við um innflutning á olíu, geti staðið við þá, að því er varðar magn?
2. Hyggst ríkisstjórnin létta með einhverjum hætti byrðar þeirra heimila, sem verða að hita hífýli sín með olíu?